

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1051  
komudagur 22. 2. '99

Til allsherjarnefndar Alþingis  
b.t. Björns Þorvaldssonar nefndarritara  
Nefndasviði Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

18. febrúar 1999

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 354. mál**

Fyrir hönd Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur vil ég þakka fyrir að fá þetta mál til umsagnar.

Hér er um að ræða framfaraspor sem ber að fagna og verður að því mikil réttarbót ef frumvarpið er samþykkt.

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar hefur notið þjónustu lögmanna sem hafa starfað sem löglærðir talsmenn eða réttargæslumenn fyrir brotþola í nauðgunarmálum síðan í júní 1994. Þessi ráðstöfun hefur verið með stuðningi dómsmálaráðuneytisins og hefur borið mjög góðan árangur. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af þessu brautryðjendastarfi hef ég beðið núverandi lögmenn Neyðarmóttökunnar að gefa umsögn um frumvarpið. Sú umsögn verður send sérstaklega til nefndarinnar og er ég samþykkt henni.

Að lokum vona ég að tillit verði tekið til þeirra athugasemda sem koma frá Neyðarmóttökunni og hvet til þess að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum.

Með vinsemd,



Guðrún Agnarsdóttir yfirlæknir  
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar